

Reglur Sveitarfélagsins Árborgar um fjárhagsaðstoð

I. KAFLI Markmið, skilgreiningar og ábyrgð	2
1. gr.	2
2. gr.	2
3. gr.	2
4. gr.	3
5. gr.	3
II. KAFLI Umsóknir og málsmeðferð	3
6. gr. Umsóknir og fylgigögn	3
7. gr. Málsmeðferðarreglur	4
8. gr. Rannsóknarskylda	4
9. gr. Upplýsingaskylda	5
10. gr. Leiðbeiningar til umsækjanda	5
11. gr. Samþykkt aðstoð og tímamörk	5
12. gr. Rökstuðningur synjunar	5
13. gr. Rangar/villandi upplýsingar	6
14. gr. Málskot til félagsmálanefndar	6
15. gr. Málskot til úrskurðarnefndar	6
16. gr. Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum	6
III. kafli Réttur til fjárhagsaðstoðar	6
17. gr. Upphæðir fjárhagsaðstoðar	6
18. gr. Skerðing fjárhagsaðstoðar	7
19. gr. Tekjur umsækjanda/maka	7
20. gr. Eignir umsækjanda/maka	8
21. gr. Kostnaður vegna húsnæðis	8
22. gr. Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar, hlutastörf	8
23. gr. Bráðaaðstoð	8
IV. kafli Heimildir vegna sérstakra aðstæðna	8
24. gr. Aðstoð við einstaklinga yngri en átján ára	8
25. gr. Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri	9
26. gr. Námsaðstoð	9
27. gr. Greiðsla sérfræðiaðstoðar	10
28. gr. Útfararstyrkir/lán	10
29. gr. Áfallaaðstoð	11
30. gr. Ábyrgðaryfirlýsing/lán til greiðslu tryggingar vegna húsaleigusamnings	11
31. gr. Lán/styrkur vegna sérstakra erfiðleika	11
32. gr. Sérstök aðstoð vegna endurhæfingar	12
33. gr. Desemberstyrkur	12
V. kafli Gildistími	12
32. gr.	12

I. KAFLI Markmið, skilgreiningar og ábyrgð

1. gr.

Hverjum manni er skylt að framfæra sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára.

Markmið fjárhagsaðstoðar fjölskyldusviðs Árborgar er að tryggja að íbúar sveitarfélagsins geti séð fyrir sér og sínum með því að veita þeim þá fjárhagslegu aðstoð sem nauðsyn krefur.

Fjárhagsaðstoð skal veitt íbúum í tímabundnum erfiðleikum og er aðstoð til að mæta grunnþörfum.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Þjónustan miðar að því að styrkja íbúa til sjálfshjálpar og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf.

2. gr.

Fjárhagsaðstoð er veitt einstaklingum og fjölskyldum sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu Árborg samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum þessum í þeim tilgangi að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi:

a. Þegar einstaklingar hafa ónógar tekjur sér til framfærslu og geta ekki séð sér og sínum farborða, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

b. Vegna sérstakra aðstæðna sbr. IV. kafla reglna þessara eða sérstakrar ákvörðunar félagsmálanefndar Árborgar.

Telji starfsmaður fjölskyldusviðs Árborgar dvöl umsækjanda í sveitarfélaginu, sem skráður er þar með lögheimili, ekki ígildi fastrar búsetu, sbr. ákvæði laga um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018, skal tekin ákvörðun um hvort málið verði sent Þjóðskrá til nánari athugunar.

3. gr.

Þeim er sækir um aðstoð samkvæmt reglum þessum er skylt að leita sér að atvinnu og taka þeirri atvinnu er býðst nema veikindi, örorka, aldur eða aðrar gildar og sannanlegar ástæður hamli því.

4. gr.

Fjárhagsaðstoð er ýmist í formi styrkja eða lána, en lán eru að jafnaði án vaxta. Fjárhagsaðstoð skal veitt sem lán ef umsækjandi óskar þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt er að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna. Óheimilt er að breyta styrk í lán nema viðkomandi óski þess.

Einstaklingar sem bíða eftir afgreiðslu á umsókn, s.s. hjá Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumálastofnun, Sjúkratryggingum Íslands, sjúkrasjóðum stéttarféлага, lífeyrissjóðum eða öðrum stofnunum, geta sótt um fjárhagsaðstoð í formi láns. Þegar einstaklingur hefur fengið bætur sínar greiddar aftur í tímann frá viðkomandi stofnun ber honum að greiða lánið til baka með eingreiðslu. Standi einstaklingur ekki við samning um endurgreiðslu láns kemur ekki til frekari fjárhagsaðstoðar nema fyrir liggi nýr samningur um endurgreiðslu vangoldins láns.

Skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð í formi láns er að umsækjandi heimili að endurgreiðslan verði dregin út af bankareikningi hans með undirritaðri millifærslubeiðni. Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra lán hjá fjölskyldusviði skal að jafnaði gera eldra lánið upp eða sameina það nýrri lánveitingu áður en nýtt lán er veitt.

5. gr.

Félagsmálanefnd Árborgar er fastanefnd sem fer með félagsþjónustu fjölskyldusviðs Árborgar í umboði bæjarstjórnar.

Félagsþjónusta fjölskyldusviðs sér um framkvæmd fjárhagsaðstoðar og er heimilt að afgreiða einstakar umsóknir samkvæmt reglum þessum á afgreiðslufundi starfsmanna.

Ákvörðun um synjun fjárhagsaðstoðar getur umsækjandi skotið til félagsmálanefndar Árborgar og ákvörðunum félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 13. og 14. gr. reglna þessara.

II. KAFLI Umsóknir og málsmeðferð

6. gr. Umsóknir og fylgigögn

Við mat á beiðnum um fjárhagsaðstoð skulu ætíð liggja fyrir eftirtalin gögn:

- a. Rafræn umsókn gegnum íbúagátt á heimasíðu Árborgar gerð af umsækjanda eða talsmanni hans skv. formlegu umboði, þar sem m.a. koma fram upplýsingar um lögheimili, sambúðarstöðu, húsnæðisaðstæður og ástæður umsóknar.
- b. Skattframtal, álagningarseðill, staðgreiðsluskrá umsækjanda og launa- og/eða greiðsluseðlar fyrir tvo síðustu mánuði og þegar við á greiðsluáætlun frá Tryggingastofnun ríkisins og/eða Fæðingarorlofssjóði. Skila skal sömu upplýsingum fyrir maka eða sambúðaraðila. Einnig ber að skila erlendu skattframtali hafi viðkomandi

eða sambúðaraðili búið erlendis á yfirstandandi ári eða síðasta tekjuári. Erlendum ríkisborgurum ber að skila inn staðfestingu á eignastöðu sinni í ríkisfangslandi og þegar við á yfirliti yfir tekjur vegna eigna.

c. Upplýsingar um tekjur og eignir, þ.m.t. greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélaganna, Sjúkratryggingum Íslands eða öðrum aðilum, innanlands eða erlendis. Ef svo ber undir þarf umsækjandi að skila inn stöðuyfirliti um innistæður í bönkum, sparisjóðum eða öðrum fjármálastofnunum. Skila ber afriti af húsaleigusamningi ef hann er fyrir hendi. Þá skulu liggja fyrir upplýsingar um lánsþæfismat og skuldastöðuyfirlit frá Creditinfo þegar sótt er um ábyrgðaryfirlýsingu/lán skv. 30. gr.

Í þeim tilvikum sem umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa staðfestingu á nýskráningu hjá Vinnumálastofnun sem staðfestir atvinnuleysi. Jafnframt skal umsækjandi framvísa staðfestingum á umsóknum um störf.

Ef um veikindi er að ræða skal umsækjandi framvísa læknisvottorði. Ótímabundið læknisvottorð gildir að hámarki í þrjú mánuði frá dagsetningu vottorðs.

Erlendum ríkisborgurum ríkis innan EES ber að framvísa búsetutímavottorði frá Þjóðskrá sem staðfestir fyrstu lögheimilisskráningu á Íslandi. Réttur til fjárhagsaðstoðar myndast þremur mánuðum eftir skráningu lögheimilis í landinu.

Í þeim tilvikum sem umsækjandi er erlendur ríkisborgari utan EES ber honum að framvísa skírteini um dvalarleyfi og staðfestingu á fyrstu lögheimilisskráningu á Íslandi. Ekki kemur til fjárhagsaðstoðar fyrir en að þremur mánuðum liðnum frá skráningu lögheimilis í landinu nema þegar um ræðir umsækjanda sem fellur að leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um móttökupjónustu og aðstoð við félagslega þátttöku flóttafólks.

Umsækjandi sem hefur fengið dvalarleyfi á þeim forsendum að skyldur aðili ábyrgist framfærslu hans á að jafnaði ekki rétt til fjárhagsaðstoðar.

Beri umsókn og fylgigögn hennar ekki með sér nauðsynlegar upplýsingar um framangreind atriði skal starfsmaður tilkynna umsækjanda um hvaða gögn skorti og hvaða afleiðingar slíkt geti haft. Jafnframt skal leiðbeina umsækjanda hvert hann skuli leita til að afla viðkomandi gagna eða til að fá nánari upplýsingar um réttarstöðu sína, sbr. 9. gr. þessara reglna.

Víkja má frá framangreindum kröfum um framlagningu gagna sé um rökstutt neyðartilvik að ræða.

7. gr. Málsmeðferðarreglur

Málsmeðferðarreglur XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 gilda um meðferð mála og ákvarðanatöku samkvæmt reglum þessum.

8. gr. Rannsóknarskylda

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef félagsþjónustu berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum

hætti. Starfsmenn félagsþjónustu skulu taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Starfsmaður skal, ef þörf krefur, afla frekari upplýsinga um tekjur, eignir og réttindi umsækjanda, svo sem hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, stéttarfélögum, Sjúkratryggingum Íslands, Atvinnuleysistryggingasjóði, Útlendingastofnun og Fæðingarorlofssjóði. Einnig skal afla upplýsinga um önnur atriði, t.d. félagslegar aðstæður, eftir því sem umsókn gefur tilefni til.

9. gr. Upplýsingaskylda

Skylt er að veita starfsmanni hverjar þær upplýsingar sem máli skipta vegna umsóknar um fjárhagsaðstoð. Neiti umsækjandi eða maki hans að veita upplýsingar um aðstæður sínar, þ.m.t. fjárhag, eignir og annað sem varðar umsókn stöðvast afgreiðsla umsóknar.

10. gr. Leiðbeiningar til umsækjanda

Starfsmaður skal gera umsækjanda grein fyrir forsendum og markmiðum fjárhagsaðstoðar vegna hverrar umsóknar. Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður veita umsækjanda almennar upplýsingar um rétt sem hann kann að eiga annars staðar, t.d. hjá Tryggingastofnun ríkisins, Vinnuálastofnun, stéttarfélögum, Sjúkratryggingum Íslands, lífeyrissjóðum, Fæðingarorlofssjóði, Menntasjóði námsmanna eða tryggingarfélögum. Leiðbeina skal umsækjanda um hvert hann skuli leita til að fá nánari upplýsingar um réttarstöðu sína og ákvarðanir þar um eða eftir atvikum framsenda erindið til viðkomandi stofnunar og tilkynna umsækjanda um þá ákvörðun.

Starfsmaður skal eftir atvikum hafa samvinnu við aðra opinbera aðila á sviði félagsþjónustu um skipulag þjónustu og málefni einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð.

11. gr. Samþykkt aðstoð og tímamörk

Réttur til fjárhagsaðstoðar skapast í þeim mánuði sem sótt er um aðstoð og er að jafnaði um eftir á greiðslur að ræða. Ekki er skylt að veita fjárhagsaðstoð lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram. Rökstuddar ástæður verða að réttlæta slíka aðstoð og verður skilyrðum fjárhagsaðstoðar að vera fullnægt allt það tímabil sem sótt er um.

Fjárhagsaðstoð skal að öllu jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjá mánuði. Að þeim tíma liðnum skal mál einstaklings skoðað sérstaklega með tilliti til þarfa hans fyrir frekari fjárhagsaðstoð og annars konar ráðgjöf og stuðning. Í slíkum tilvikum skal gerð áætlun um frekari meðferð máls með samningi um félagslega ráðgjöf og ef við á, vísa málinu m.a. til Umboðsmanns skuldara.

Í þeim tilvikum þegar einstaklingur fær jafnframt bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og ljóst er að aðstæður hans muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn. Gildistími fjárhagsaðstoðar skv. IV. kafla reglna þessa eru þrjú mánuðir.

12. gr. Rökstuðningur synjunar

Sé umsókn um fjárhagsaðstoð synjað fær umsækjandi skriflegar upplýsingar þar sem forsendur synjunar eru rökstuddar ásamt tilvitnunum í viðeigandi greinar fjárhagsaðstoðarreglna. Umsækjanda skal leiðbeint um málskotsheimildir um leið og honum er tilkynnt um slíka ákvörðun.

13. gr. Rangar/villandi upplýsingar

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi umsækjanda er endurkræf. Hafi umsækjanda verið greidd hærri fjárhagsaðstoð en vera bar samkvæmt reglum þessum getur fjölskyldusvið endurkafið viðkomandi eftir almennum reglum kröfuréttar. Liggi fyrir að ofgreiðslu megi rekja til rangra eða villandi upplýsinga umsækjanda er heimilt að draga upphæðina frá fjárhagsaðstoð sem umsækjandi kann að öðlast rétt til síðar. Þó verður að gæta þess að ekki verði gengið lengra en svo við skuldajöfnuð að umsækjandi geti áfram séð fyrir sér og sínum, sbr. 12. gr. laga nr. 40/1991.

14. gr. Málskot til félagsmálanefndar

Synjun um fjárhagsaðstoð má skjóta til félagsmálanefndar Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfoss. Skal það gert skriflega og eigi síðar en fjórum vikum eftir að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

15. gr. Málskot til úrskurðarnefndar

Ákvörðun félagsmálanefndar Árborgar má skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun. Málskot frestar að jafnaði ekki framkvæmd hinnar kærðu ákvörðunar.

16. gr. Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga sem leita eftir fjárhagsaðstoð skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu, er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Trúnaður helst eftir að látið er af starfi.

III. kafli Réttur til fjárhagsaðstoðar

17. gr. Upphæðir fjárhagsaðstoðar

Framfærslugrunnur tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds og miðast við grunnfjárhæð *kr. 170.130,-*. Upphæðir fjárhagsaðstoðar eru eftirfarandi:

1. Framfærslugrunnur einstaklinga sem sannanlega reka eigið heimili er 1,0 eða **kr. 170.130,-**. Með rekstri eigin heimilis er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning því til staðfestingar.
2. Framfærslugrunnur hjóna og fólks í sambúð er 1,6 eða **kr. 272.208,-**
3. Framfærslugrunnur einstaklinga sem búa með öðrum, leigja húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hafa ekki aðgang að húsnæði er 0,8 eða **kr. 136.105,-** .
4. Framfærslugrunnur einstaklinga sem búa hjá foreldrum eða sannanlega greiða ekki húsnæðiskostnað 0,45 eða **kr. 76.559,-**. Hafi umsækjandi forsjá barns og hafi barn lögheimili hjá honum reiknast umsækjandi út frá framfærslugrunni 0,8.

Nánar um rétt til fjárhagsaðstoðar:

- Upphæð fjárhagsaðstoðar er óháð því hvort barn eða börn búi á heimili umsækjanda að undanskyldum fjórða lið þessarar greinar.
- Einstaklingar sem afplána dóma innan fangelsis eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð.
- Umsækjandi sem er í meðferð á viðurkenndri stofnun, áfangahæimili, í neyðarathvarfi eða á meðferðarheimili og er tekju- og/eða réttindalaus, getur sótt um fjárhagsaðstoð sem nemur meðferðargjaldi á stofnun auk framfærslu samkvæmt reglum þessum. Dvalargjald er greitt beint til viðkomandi stofnunar. Samtals getur fjárhagsaðstoð aldrei verið hærri en grunnfjárhæð hverju sinni.
- Þeir einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu á grundvelli læknisvottorðs um óvinnufærni skulu í samvinnu við sérfræðing félagsþjónustu gera einstaklingsmiðaða áætlun sem miðar að því að umsækjandi nái vinnufærni að öllu leyti eða að hluta. Læknisvottorð skulu vera útgefin af heilsugæslu eða sérfræðilækni sem annast mál einstaklingsins.

Einstaklingur sem fær fjárhagsaðstoð skv. þessari grein ber að vera í virkum samskiptum við starfsmann innan fjölskyldusviðs. Ef veitt er fjárhagsaðstoð skv. þessari grein í samfelldu í þrjú mánuði skal viðkomandi gera einstaklingsáætlun í fjórða mánuði með starfsmanni sem hefur hjálp til sjálfshjálpar og valdeflingu að leiðarljósi. Einstaklingsáætlun skal taka mið af stöðu viðkomandi gagnvart vinnufærni eða óvinnufærni og þeim réttindum og skyldum sem viðkomandi hefur vegna áframhaldandi fjárhagsaðstoðar, að öðrum kosti getur komið til skerðingar á fjárhagsaðstoð sbr. 18. gr. reglna þessara.

18. gr. Skerðing fjárhagsaðstoðar

Hafni einstaklingur vinnu eða vinnumarkaðsúræðum, hefur verið settur á bið hjá Vinnumálastofnun, hefur fyrirgert rétti sínum til atvinnuleysisbóta eða hefur ekki sinnt virkri atvinnuleit með sannanlegum hætti skal fjárhagsaðstoð skerðast um helming þann sama mánuð og mánuðinn þar á eftir. Sinni einstaklingur ekki samningi um félagslega ráðgjöf eða endurhæfingaráætlun skal fjárhagsaðstoð skerðast um helming þann sama mánuð og mánuðinn þar á eftir nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því.

19. gr. Tekjur umsækjanda/maka

Allar skattskyldar tekjur einstaklings og sambúðaraðila í þeim mánuði sem sótt er um koma til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar skv. 17. gr. og einnig skattskyldar tekjur mánuðinn á undan ef heildar skattskyldar tekjur þann mánuð eru hærri en ein lágmarkslaun skv. kjarasamningum. Þetta tekjuviðmið á ekki við þegar einstaklingur ber sannanlega ekki húsnæðiskostnað. Í þeim tilvikum koma allar skattskyldar tekjur í umsóknarmánuði og mánuðinum á undan til frádráttar framfærslukvarða umsækjanda við útreikning fjárhagsaðstoðar.

Með tekjum er átt við allar innlendar og erlendar skattskyldar tekjur einstaklings og sambúðaraðila, s.s. atvinnutekjur, aðrar skattskyldar tekjur; greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkratryggingum Íslands eða sjúkrasjóðum stéttarfélaga, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur, verktakagreiðslur, greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og mæðra- og fedralaun. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Greiðslur vegna barna, húsnæðisbætur, sérstakur húsnæðisstuðningur, vaxtabætur, framlag vegna menntunar fyrir 18 til 20 ára og barnalífeyrir vegna náms fyrir 18 til 20 ára frá Tryggingastofnun teljast ekki til skattskyldra tekna.

20. gr. Eignir umsækjanda/maka

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambúðaraðili peningaeignir eða aðrar eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í og nauðsynlegt ökutæki, eða hafi hann nýlega selt eignir sínar, skal umsækjanda vísað á lánaþyrirgreiðslu banka og sparisjóða þó að tekjur viðkomandi séu undir viðmiðunarmörkum.

21. gr. Kostnaður vegna húsnæðis

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar er gert ráð fyrir að kostnaði umsækjanda vegna húsnæðis verði mætt með greiðslum húsnæðis- eða vaxtabóta og hluta af framfærslugrunni.

22. gr. Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar, hlutastörf

Atvinnurekandi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur á kost á fjárhagsaðstoð hafi hann hætt rekstri og lokað vsk-númeri auk þess að hafa leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar.

Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá Vinnumálastofnun og óski eftir fullu starfi.

23. gr. Bráðaaðstoð

Heimilt er að veita einstaklingi fjárhagsaðstoð, hér nefnd bráðaaðstoð, þó svo öll tilskilin gögn fylgi ekki umsókn, ef um brýna neyð er að ræða. Bráðaaðstoð er í meginatriðum ætluð til að tryggja börnum og unglingum innan fjölskyldu farborða. Upphæðin getur þó ekki numið hærri upphæð en 25 % af grunnfjárhæð einstaklings á mánuði. Hún skal veitt í formi láns eða styrks og er aðeins heimilt að veita aðstoð á þennan hátt einu sinni. Reynist umsækjandi eiga rétt á fjárhagsaðstoð samkvæmt 17. gr. skal tekið tillit til lánsins/styrksins við útborgun fjárhagsaðstoðar ella getur komið til endurgreiðslu til sveitarfélagsins.

IV. kafli Heimildir vegna sérstakra aðstæðna

24. gr. Aðstoð við einstaklinga yngri en átján ára

Einstaklingur yngri en 18 ára á ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

25. gr. Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri

Þegar foreldrar eru með fjárhagsaðstoð til framfærslu geta þeir einnig sótt um aðstoð vegna barna:

- A. Þegar barn eða börn eru skráð með lögheimili hjá foreldri felst aðstoð í greiðslu/greiðslum vegna eftirfarandi:
 - a. Daggæslu barna í heimahúsum.
 - b. Leikskólagjalda.
 - c. Skólamáltíða.
 - d. Frístundagjalda í skóla.
 - e. Skólagjalda og bókakostnaðar í framhaldsskóla.
 - f. Tómsundaiðkunar barna.

Aðstoð er að hámarki kr. 20.000,- á mánuði fyrir hvert barn að uppfylltum skilyrðum í hverjum mánuði.

Skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt ofangreindum e. lið, er að umsækjandi nýti sér fyrst rétt til frístundarstyrks vegna tómsundaiðkunar.

B. Þegar barn eða börn eru ekki með lögheimili hjá foreldri felst aðstoð í að greiða kr. 20.000,- af áfallandi meðlagi með hverju barni. Ekki er veitt aðstoð til að greiða uppsafnaðar meðlagskuldir. Staðfestur samningur um meðlagsgreiðslur skal liggja fyrir frá sýslumanni og greiðist styrkur til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

C. Í sérstökum undantekningartilfellum að mati starfsmanna og um er að ræða brýna þörf á sérstökum meðferðar- og /eða stuðningsúræðum er heimilt að veita styrk fyrir útlögðum kostnaði í heild eða hluta. Í þeim tilvikum skal ætíð liggja fyrir samkomulag um félagslega ráðgjöf þar sem fram koma markmið með aðstoðinni og skal hún vera tímabundin og endurskoðuð á þriggja mánaða fresti. Þessari undanþágu er heimilt að beita í þeim tilfellum þar sem foreldrar eru í miklum fjárhagserfiðleikum en undanþágan er ekki bundin við tilvik þar sem foreldrar eru með fjárhagsaðstoð til framfærslu.

26. gr. Námsaðstoð

Einstaklingur sem stundar lánshæft nám nýtur ekki fjárhagsaðstoðar til framfærslu.

Heimilt er að veita einstaklingi styrk eða lán til náms sem ekki hefur lokið grunnskóla eða framhaldsskóla vegna félagslegra erfiðleika. Um er að ræða einstakling sem hefur ekki tók á að vinna með skóla og fyrir liggur mat á því að ef ekki komi til aðstoðar sé ljóst að viðkomandi flosni úr námi. Heimildin á við þegar einstaklingur er atvinnulaus án bótaréttar eða hefur haft skattskyldar tekjur sem eru lægri en grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar undanfarna þrjú mánuði.

Miða skal við að námið leiði til starfsréttinda eða að viðkomandi geti í framhaldi hafið nám sem er lánshæft.

Aðstoð vegna náms skal miðast við framfærslukvarða skv. 17. gr. Skattskyldar tekjur einstaklings koma til frádráttar, sbr. 19. gr. og peningaeign skv. 20. gr. Einnig reiknast til tekna meðlag sem umsækjandi kann að fá.

Heimilt er að veita styrk vegna kostnaðar við námsgögn og skólagjöld samkvæmt greininni að hámarki kr. 60.000,- á 12 mánaða tímabili.

Aðstoð þessi skal veitt í formi láns ef könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt er að gera kröfur um endurgreiðslu með tilliti til eigna og framtíðartekna.

Ákvarðanir samkvæmt þessu ákvæði skulu teknar fyrir hverja önn og vera veittar að hámarki í 4 annir. Forsenda námsaðstoðar er að námsmaður sýni fram á eðlilega skólasókn og námsframvindu skv. reglum viðkomandi skóla. Að öðrum kosti fellur fjárhagsaðstoð niður.

Við ákvörðun um beitingu heimildar til að veita fjárhagsaðstoð vegna náms ber að taka mið af því fjármagni sem ætlað er til slíkrar aðstoðar í fjárhagsáætlun hverju sinni.

27. gr. Greiðsla sérfræðiaðstoðar

A. Styrkur eða lán til greiðslu tannlækninga.

Heimilt er undir sérstökum kringumstæðum, að veita einstaklingi sem hefur tekjur á eða undir viðmiðunarmörkum undanfarna 3 mánuði eða lengur lán eða styrk til nauðsynlegra tannlækninga.

Hámark aðstoðar skal vera kr. 80.000,- á 12 mánaða tímabili. Með umsókn skal fylgja kostnaðaráætlun tannlæknis. Styrkur greiðist samkvæmt kvittun eða reikningi.

B. Styrkur eða lán til greiðslu viðtala hjá sérfræðingum.

Heimilt er að veita einstaklingi sem hefur verið með skattskyldar tekjur á eða undir viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar og á við verulega erfiðleika að etja lán eða styrk til niðurgreiðslu viðtala hjá sálfræðingum, geðlæknum og félagsráðgjöfum með framhaldsmenntun í meðferðarvinnu. Heimildin skal bundin samningi um félagslega ráðgjöf eða stuðningsvinnu og þá aðeins ef:

- a. Einstaklingur hefur mátt búa við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika.
- b. Einstaklingur eða fjölskylda hefur orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem skyndilegum ástvinamissi eða alvarlegu ofbeldi.
- c. Til lögheimilisforeldra vegna barna sem þurfa á sérhæfðri meðferð að halda og ekki er unnt að veita slíka þjónustu Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Hámark aðstoðar er kr. 100.000,- á ári. Að jafnaði skal veita styrk fyrir 3-5 viðtölum og að hámarki fimm viðtölum á ári. Umsögn fagaðila um frekari aðstoð skal liggja fyrir ef sótt er um styrk umfram 5 tíma og skal sú aðstoð einungis veitt í sérstökum tilfellum. Styrkur samkvæmt greininni greiðist samkvæmt reikningi sérfræðings.

28. gr. Útfararstyrkir/lán

Heimilt er að veita lán eða styrk vegna útfarar þegar sannreynt hefur verið að dánarbú getur ekki kostað útför hins látna.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk:

- a. Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna og útprentun úr staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra.
- b. Staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks. Styrkur frá stéttarfélagi kemur til frádráttar frá aðstoð skv. greininni.
- c. Tilkyning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr. og sbr. 28. gr. sömu laga.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfarar þegar eignir dánarbús hrökkva ekki til og eignir eftirlifandi maka eru ekki umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í og eina fjölskyldubifreið, sbr. 20. gr.

Hámark aðstoðar er kr. 160.000,- og greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og/eða annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

29. gr. Áfallaaðstoð

Einstaklingur, hjón eða sambúðaraðilar með samanlagðar skattskyldar tekjur sem samsvara kjarasamningsbundnum lágmarkslaunum eða lægri og verður/verða fyrir skyndilegum eignamissi vegna bruna, veikinda eða annarra áfalla á kost á láni/styrk, allt að kr. 100.000,-. Sama gildir ef rýma þarf húsnæði umsækjanda af heilbrigðisástæðum. Hafi umsækjandi tryggingu sem líklegt er að bæti tjónið skal aðstoð veitt með láni sem endurgreiðist þegar tryggingafélag hefur innt bótagreiðslu af hendi.

30. gr. Ábyrgðaryfirlýsing/lán til greiðslu tryggingar vegna húsaleigusamnings

Heimilt er að veita einstaklingi, hjónum og sambúðaraðilum sem eru með samanlagðar skattskyldar tekjur sem samsvara kjarasamningsbundnum lágmarkslaunum eða lægri ábyrgðaryfirlýsingu/lán vegna tryggingar húsaleigusamnings. Skila ber upplýsingum um lánshæfismat og skuldastöðuyfirlit frá Creditinfo Lánstraust ásamt staðfestingu frá viðskiptabanka um möguleika á fyrirgreiðslu. Skila þarf drögum að húsaleigusamningi fyrir afgreiðslu umsóknar og afriti þinglýsts húsaleigusamnings áður en samþykktar umsóknir eru afgreiddar.

Ef veitt er lán skal það lagt inn á reikning leigusala þegar umsækjandi hefur undirritað lánsumboð. Gengið er frá samþykktari ábyrgðaryfirlýsingu þegar umsækjandi hefur veitt skriflegt samþykki fyrir reglulegri skuldfærslu af reikningi sínum.

Miðað er við að ábyrgðaryfirlýsing/lán samkvæmt greininni sé veitt einungis í eitt skipti og einstaklingur sem hefur áður fengið lán vegna þessarar greinar fær ekki aftur lán skv. greininni fyrr en fyrra lán er greitt að fullu. Í sérstökum tilfellum og út frá faglegu mati starfsmanna fjölskyldusviðs er heimilt að veita aðstoð skv. greininni oftar en eitt skipti.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá umsóknardegi og hámark aðstoðar samkvæmt greininni er kr. 600.000,- .

31. gr. Lán/styrkur vegna sérstakra erfiðleika

Heimilt er að veita lán eða styrk, allt að kr. 140.000,- að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a. Að tekjur einstaklings séu á eða undir viðmiðunarmörkum.
- b. Að fyrir liggi yfirlit starfsmanns fjölskyldusviðs eða Umboðsmanns skuldara um fjárhagsstöðu umsækjanda.

- c. Að umsækjandi hafi ekki fullnýtt fyrirgreiðslu skv. þessari grein undanfarna 12 mánuði.
- d. Að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánaþyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana, þar sem það á við.
- e. Að fyrir liggi samningur um félagslega ráðgjöf eða fjármálaráðgjöf, þar sem það á við.

Ekki er heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skulda við banka, sparisjóði eða aðrar lánastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrk né lán til greiðslu skattskulda eða sekta, né heldur til greiðslu skulda við einkaaðila.

Styrkur/lán kemur að jafnaði aðeins til álita sýni umsækjandi fram á að lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu hans til hins betra þegar til lengri tíma er litið.

32. gr. Sérstök aðstoð vegna endurhæfingar

Heimilt er að veita einstaklingum sem taka þátt í markvissum stuðningi sérstaka aðstoð. Skilyrði er að umsækjandi eigi, eða hafi átt í miklum félagslegum erfiðleikum og hafi, að mati starfsmanns, raunverulegan möguleika á endurhæfingu. Gerður skal samningur um félagslega ráðgjöf og þegar við á endurhæfingaráætlun hjá Tryggingastofnun ríkisins. Í áætlun skulu koma fram markmið, tímaáætlun, ábyrgð viðkomandi og tilgreind tegund aðstoðar, eftirfylgni og reglubundið mat á árangri.

Miða skal við að aðstoð samkvæmt greininni sé veitt einungis einu sinni og að hámarki í 6 mánuði til hvers einstaklings.

Hámark styrkveitingar samkvæmt greininni getur numið allt að kr. 130.000,- á mánuði og endurskoðast á minnst 3ja mánaða fresti.

Halda skal sérstaklega utan um fjölda einstaklinga sem fá styrkveitingu samkvæmt greininni.

33. gr. Desemberstyrkur

Desemberstyrkur nemur 20% af framfærslugrunni umsækjanda og er einungis veittur þeim sem hafa fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu undangengna þrjá mánuði í desember ár hvert. Sérstakur styrkur að upphæð kr. 5.000,- er veittur fyrir hvert barn sem hefur lögheimili hjá umsækjanda og er í forsjá hans.

V. kafli Gildistími

34. gr.

Grunnupphæð fjárhagsaðstoðar tekur mið af neysluvísitölu og skal breytt 1. janúar ár hvert í samræmi við hana.

Heildar endurskoðun, samþykkt af félagsmálanefnd XXX þann XX 2021.